

56. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti, miðvikudaginn 30. október 2024, kl. 11:00.

Fundinn sátu:

Stefanía Hákonardóttir, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson boðaði forföll og í stað hans mætti Axel Sæland, Ásta Stefánsdóttir, og Kristófer Arnfjörð Tómasson.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Borgarrími gatnagerð 3 áfangi (lóðir 16-22) - 2401061

Fundargerðir verkfunda

22. fundur haldinn 24.09.2024

23. fundur haldinn 16.10.2024

Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.

2. Hönnun útisvæðis sundlaugar Reykholti - 2301060

Fundargerðir hönnunarfunda 19.09.2024, 26.09.2024, 04.10.2024 og 16.10.2024

Fundargerðirnar voru lagðar fram.

3. Hús UTU við Hverabraut 6 - 2209023

Fundur haldinn 03.10.2024

Fundargerðin var lögð fram.

4. Endurnýjun fráveitu Laugarvatni 3. áfangi, fundargerð verkfundar - 2310009

4. fundur haldinn 24.09.2024

Fundargerðin var lögð fram.

5. Gatnagerð við Fljótsholt - 2410025

Fyrirspurn um möguleika á samningi við Bláskógabyggð um hönnun og framkvæmd á gatnagerð við Fljótsholt.

Umræða varð um málið. Framkvæmda- og veitunefnd felur oddvita og sveitarstjóra að vinna málið áfram.

6. Tíðni sorphirðu - 2408024

Breytt tíðni sorphirðu

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að tíðni sorphirðu við heimili verði breytt þannig að allir sorphlokkar verði teknir á fjögurra vikna fresti.

7. Fráveitutengingar Bjarkarbraut - 2410028

Sviðsstjóri gerir grein fyrir teningum húsa við Bjarkarbraut 14 og 16 við fráveitu

Leggja þarf lögn frá götu upp að lóðarmörkum við Bjarkarbraut. Kostnaður er áætlaður um 3.500.000 kr og leggur framkvæmda- og veitunefnd við sveitarstjórn að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun vegna verksins.

8. Hreinsistöð Reykholti - 2011044

Sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs fer yfir stöðu verkefnisins.

Frágangi og tengingum er nánast lokið og er áætlað að stöðin verði tekin í notkun á næstu dögum.

9. Orkuöflun Reykholti og Laugarvatni - 2403015

Upplýsingar um stöðu borverkefna á Laugarvatni og í Reykholti

Verktaki hefur upplýst að ekki muni takast að hefja vinnu vði verkið fyrr en um áramót.

10. Úttektir eldvarnaeftirlits á mannvirkjum Bláskógabyggðar - 2410026

Skýrsla um eftirlit, Aratunga, dags. 07.10.2024

Skýrsla um eftirlit, Bláskógaskóli, dags. 07.10.2024

Skýrslurnar voru lagðar fram. Unnið er að úrbótum.

11. Eftirlitsskýrslur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands - 2404078

Skýrsla vegna gámasvæðis á Laugarvatni, 11.09.2024

Skýrsla vegna gámasvæðis í Reykholti, 11.09.2024

Skýrslurnar voru lagðar fram. Unnið er að úrbótum.

12. Fjólubláir bekkir Munum leiðina - 2410027

Erindi frá Ragnheiði Hilmarsdóttur varðandi fjólubláa bekki sem tileinkaðir eru alþjóðadegi heilabilaðra.

Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir að málaður verði bekkur í samræmi við erindið.

Fundi slitið kl. 11:55.

Stefanía Hákonardóttir

Helgi Kjartansson

Axel Sæland

Ásta Stefánsdóttir

Kristófer Arnfjörð Tómasson